

Sp.

14. Tillaga til þingsályktunar

[14. mál]

um réttarstöðu heimavinnandi fólks.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason,
Jón Baldvin Hannibalsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd sem hafi það verkefni að meta þjóðhagslegt gildi heimilisstarfa og gera úttekt á hvernig félagslegum réttindum og mati á heimilisstörfum er háttað samanborið við önnur störf í þjóðfélaginu. Skulu niðurstöður og tillögur til úrbóta liggja fyrir Alþingi eigi síðar en 1. janúar 1986.

Greinargerð.

Öllum er ljóst í orði þjóðhagslegt gildi starfa heimavinnandi fólks. Má í því sambandi benda á umönnun ungra barna og aldraðra á heimilunum sem ella tækju pláss á stofnunum sem ríki og sveitarfélög reka. Einnig má benda á uppeldislegt gildi sem ekki verður metið til fjár þegar til lengri tíma er litið. Störf heimavinnandi fólks hafa því í för með sér beinan fjárhagslegan sparnað fyrir þjóðfélagið.

Ýmis félagsleg réttindi, sem öðrum þykja sjálfsgöð, eru ýmist mjög takmörkuð fyrir heimavinnandi fólk eða alls engin.

1. Ekki liggur ljóst fyrir um hve stóran hóp þjóðfélagsþegna er að ræða sem eingöngu vinnur heimilisstörf, en á árinu 1982 voru 80% kvenna 16 ára og eldri með einhverja vinnu utan heimilis.
2. Heimavinnandi fólk hefur ekki aðgang að lífeyrissjóði og því mjög takmörkuð lífeyrisréttindi.
3. Störf heimavinnandi fólks eru eina vinnuframlagið í þjóðfélaginu sem ekki eru greidd laun fyrir, og sjálfsgöð félagsleg réttindi eins og orlof, lögskipaður hvíldartími og fleira fyrirfinnst ekki.
4. Heimavinnandi fólk situr ekki við sama borð hvað varðar skattlagningu og aðrir þegnar þjóðfélagsins og lýsir það sér m. a. í því misrétti að heimili með eina fyrirvinnu ber hærri skatta en þar sem tekjur heimilisins eru afrakstur vinnu tveggja.
5. Heimavinnandi fólk þarf að tryggja sérstaklega á skattaskýrslu og er eini hópur þjóðfélagsins sem slíkt gildir um.
6. Heimavinnandi fólk hefur ekki sama rétt til sjúkradagpeninga og aðrir.
7. Hafi einstaklingur varið mestum hluta ævi sinnar til heimilisstarfa en kys síðan að halda út á vinnumarkaðinn að nýju er fyrra starf mjög lítils metið í launum eða starfsaldursþækkunum.
8. Heimavinnandi konur sitja ekki við sama borð og útivinnandi hvað varðar fæðingarorlof sem greitt er úr almannatryggingum. — Hér er hið opinbera að skipta konum í verðflokk.
9. Heimavinnandi fólk, sem er í hlutastarfi á vinnumarkaði, missir einnig ýmis félagsleg réttindi.

Hér að framan hafa verið nefnd nokkur atriði sem sýna ljóslega réttleysi heimavinnandi fólks sem vert væri að hafa í huga við úttekt þessa. Auðvitað kemur margt annað til greina, svo sem menntunarmál heimavinnandi fólks, en staðreynd er að atvinnumöguleikar kvenna eru takmarkaðri en annarra þegar þær koma á vinnumarkaðinn eftir langa fjarveru við heimilisstörf og barnauppleði. Mikið skortir á að þessu hafi verið mætt með skipulagðri fullorðinsfræðslu, endurmenntun og starfsþjálfun sem opni heimavinnandi fólki fleiri möguleika til atvinnu.